

Samruni Arion banka hf., Senu ehf. og Glassriver ehf.

1. apríl 2026

Endurskipulagning og skuldauppgjör Glassriver ehf. með sameiginlegu eignarhaldi og hluthafasamkomulagi hluthafa Glassriver ehf., Arion banka hf., og Senu ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Vegna yfiráða viðskiptabanka yfir atvinnufyrirtæki á samkeppnismarkaði og samkeppnisvandamála sem af slíku getur leitt lögðu samrunaaðilar til skilyrði og sátt. Lauk Samkeppniseftirlitið málinu þann 5. mars 2026 með sátt við samrunaaðila.

1. Þann 5. febrúar 2026 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um sameiginleg yfiráð Arion banka hf. (hér eftir „Arion“) og Senu ehf. (hér eftir „Sena“) yfir Glassriver ehf. (hér eftir „Glassriver“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaaðilar höfðu áður fengið undanþágu frá banni við framkvæmd samruna vegna bágrar fjárhagsstöðu Glassriver. Snemma í samrunamálinu lögðu samrunaaðilar fram tillögu að sátt til að mæta mögulegum samkeppnishindrunum vegna eignarhalds Arion á atvinnufyrirtæki í óskyldum rekstri.
2. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna, fyrri ákvarðana eftirlitsins og þeirrar sáttatillögu sem samrunaaðilar lögðu til.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfiráðum til frambúðar. Arion á 41,7% hlut í Glassriver í kjölfar skuldauppgjörs og Sena á 41,7% hlut í félaginu. Upprunalegir hluthafar eiga samanlagt 16,8%. Samkvæmt hluthafasamkomulagi samrunaaðila fara Arion og Sena sameiginlega með yfiráð yfir Glassriver. Með hliðsjón af framangreindu er að mati Samkeppniseftirlitsins um að ræða samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
4. Í samrunaskrá kemur fram að Arion sé viðskiptabanki með starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bankinn veitir alhliða fjármálaþjónustu í viðskiptabankastarfsemi. Meðal dótturfélaga bankans eru Stefnir hf., sjóðstýringarfélag, og Vörður tryggingar hf. Bankinn á jafnframt Eignabjarg ehf. sem stýrir eignum sem bankinn hefur yfirtekið við fjárhagslega endurskipulagningu viðskiptavina sinna.
5. Sena er upplifunarfyrirtæki sem sérhæfir sig í hágæða viðburðum og afþreyingu fyrir fyrirtæki, svo sem skipulögðum fyrirtækjaviðburðum, ráðstefnum og tónleikum. Draupnir Fjárfestingarfélag ehf., í eigu Jóns Diðriks Jónssonar og fjölskyldu, fer með yfiráð yfir Senu. Tengd félög eru m.a. Sena Heildsala ehf. og Sena Live ehf. Draupnir á einnig 75% hlut í Smárabíó ehf. sem starfar við rekstur kvikmyndahúss, skemmtisvæðis og dreifingu kvikmynda.
6. Í samrunaskrá kemur einnig fram að Glassriver sé framleiðslufyrirtæki sem þróar og framleiðir leikið sjónvarpsefni fyrir innlandan og erlendan markað. Félagið hefur framleitt fjölda sjónvarpsþáttaraða á síðasta áratug og eru helstu viðskiptavinir þess íslensku sjónvarpsstöðvarnar Síminn, Sýn og RÚV. Samruninn sé tilkominn vegna skuldauppgjörs við Arion og fjárhagsstöðu Glassriver.



7. Arion starfar á viðskiptabankamarkaði. Sena starfar á mörkuðum fyrir skipulag viðburða og ráðstefna að sögn aðila. Smárabíó ehf., í eigu Draupnis fjárfestingarfélags sem einnig fer með yferráð yfir Senu, starfar á mörkuðum fyrir dreifingu og sýningu kvikmynda. Glassriver starfar á markaði fyrir framleiðslu á sjónvarpsefni.¹
8. Þar sem ekki er skörun í starfsemi samrunaaðila eða félaga í samstæðu þeirra, né er kaupandi að taka yfir starfsemi fyrirtækis sem framleiðir og/eða selur aðföng í starfsemi hins, er hvorki um láréttan né lóðréttan samruna að ræða. Fallast má á með aðilum að yfirtaka Arion og Senu á Glassriver teljist til samsteypusamruna í samkeppnisréttarlegum skilningi. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar á þeim mörkuðum sem samrunaaðilar starfa á.
9. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við athugun málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins, þótt ekki þurfi að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga í þessu máli hvorki er varðar vörumarkað málsins né landfræðilega markaði í ljósi niðurstöðu þess með sátt og skilyrðum sem samrunaaðilar lögðu til.
10. Hins vegar liggur fyrir að mögulegir samkeppnisbrestir kunni að skapast vegna eignarhalds og tengsla viðskiptabanka, þ.e. Arion, við fyrirtæki í almennum samkeppnisrekstri sem er alls ótengdur fjármálastarfsemi.
11. Samkeppniseftirlitið hefur frá hruni beitt sér gagnvart samkeppnisbrestum sem stafað geta af eignarhaldi banka og lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, en eignarhald þessara aðila getur við tiltekna aðstæður skapað hættu á samkeppnishindrunum.² Samruni þessi er þess eðlis að viðskiptabanki eignist, í kjölfar endurskipulagningar og skuldauppgjörs, beinan eignarhlut í atvinnufyrirtæki á samkeppnismarkaði.
12. Samkeppniseftirlitið lítur svo á að í eignarhaldi Arion á Glassriver, hvort sem er beint eða í gegnum eignarhaldsfélag, felist eignarhald og tengsl sem geti undir vissum kringumstæðum verið grundvöllur samkeppnisvandamála. Í því sambandi má nefna að hvati getur verið fyrir viðkomandi samstæðu að halda viðskiptum innan hennar og beina fyrirtækjum í viðskipti við fyrirtæki tengd bankanum. Einnig getur bankinn búið yfir upplýsingum um keppinauta og viðskiptavini Glassriver sem gætu raskað samkeppni ef þeim er miðlað á óviðeigandi hátt. Þá gæti staða bankans sem viðskiptavinar á mörkuðum skapað hættu á óeðlilegum viðskiptum.
13. Samruninn er tilkominn vegna fjárhagserfiðleika Glassriver. Samrunaaðilar fengu undanþágu frá banni við framkvæmd samruna á grundvelli 17. gr. b samkeppnislaga vegna þeirrar stöðu. Samkeppniseftirlitið tekur tillit til þessa við mat á samrunanum, enda stuðlar áframhaldandi rekstur Glassriver að samkeppni á markaði fyrir framleiðslu sjónvarpsefnis.
14. Samkeppniseftirlitið hefur áður gert sáttir við Arion banka í sambærilegum tilvikum. Með ákvörðun nr. 6/2024 um samruna Stefnis hf., SRE III ehf. og Heimstaden ehf. var gerð heildstæð sátt við Stefnis og Arion sem tekur á samkeppnishindrunum sem stafað geta af yferráðum Stefnis og sjóða þess á fyrirtækjum á samkeppnismarkaði.⁴



15. Snemma í málsmeðferðinni lýsti Arion yfir vilja sínum til að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f samkeppnislaga en tilkynnandi lagði fram tillögur að skilyrðum og sátt og hafa Arion, Sena, Glassriver og Samkeppniseftirlitið sammælt um endanleg skilyrði.
16. Telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni getur stofnunin gripið til íhlutunar með setningu skilyrða sem tryggja eiga virka samkeppni, sbr. 17. gr. c samkeppnislaga og þá er eftirlitinu heimilt að ljúka málum með sátt, sbr. 17. gr. f samkeppnislaga. Í ákvörðun þessari er gerð grein fyrir forsendum fyrir íhlutun vegna þess samruna sem hér er til umfjöllunar. Einnig er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem eftirlitið telur nauðsynlegt að samrunaaðilar lúti í starfsemi sinni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnislegar hindranir sem samruninn myndi annars geta leitt til.
17. Í máli þessu hafa Arion, Sena, Glassriver og Samkeppniseftirlitið þannig gengist undir sátt sem tryggja á sjálfstæði Glassriver gagnvart bankanum á meðan Arion fer með tímabundin yferráð í félaginu. Meðal helstu skilyrða eru: að hlutafé bankans í félaginu sé komið fyrir í sérstöku eignarhaldsfélagi, að meirihluti stjórnar félagsins sé óháður Arion, að bann gildi við upplýsingamiðlun um samkeppnislega viðkvæm málefni milli félagsins og bankans, að viðskipti milli Arion og félagsins séu á viðskiptalegum forsendum og að bankanum sé óheimilt að beina viðskiptum til eða frá félaginu. Þá skal Arion stefna að sölu félagsins eins fljótt og kostur er.
18. Samkeppniseftirlitið lítur svo á að með sáttinni sé komið í veg fyrir mögulegar samkeppnisraskanir sem annars kynnu að leiða af aðkomu Arion að samrunanum og eignarhaldi bankans á Glassriver. Sáttin tekur á þeim helstu áhættum sem tengjast eignarhaldi viðskiptabanka á atvinnufyrirtæki: sjálfstæði í ákvörðunartöku, upplýsingahindranir, jafnræði í viðskiptum og tímabundnu eðli eignarhaldsins.
19. Aðilarnir undirrituðu sáttina hinn 5. mars 2026 og eru skilyrði hennar með þeim hætti sem greinir í ákvörðunarorði, sbr. 17. gr. f samkeppnislaga. Þarfnast þau ekki frekari skýringar. Lauk því rannsókn málsins með sátt á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

Arion banki hf. (hér eftir „Arion“), Sena ehf., Glassriver ehf., og Samkeppniseftirlitið hafa gert með sér sátt í samræmi við 17. gr. f. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglna nr. 880/2005 um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins, sem skal gilda um yferráð í Glassriver ehf. (hér eftir „félagið“) á meðan Arion fer með tímabundin yferráð í félaginu, í kjölfar skuldaskila.

1. gr.

Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum eða öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af tímabundnum yferráðum Arion á atvinnufyrirtækjum í óskyldum rekstri á samkeppnismörkuðum, í kjölfar skuldauppgjörs. Skal Arion eins og frekast er unnt tryggja sjálfstæði félagsins á þeim mörkuðum sem það og dótturfélög starfa á. Þá skal Arion tryggja að viðskiptatengsl Arion við atvinnufyrirtæki sem starfa á sömu eða skyldum mörkuðum og félagið, skaði ekki samkeppni á meðan Arion fer með yferráðin.



Arion skal stefna að sölu félagsins eins fljótt og kostur er, og taka sérstakt tillit til samkeppnissjónarmiða, bæði á eignartímabili og þegar kemur að sölu fyrirtækis, svo sem við val á kaupanda.

2. gr.

Halda skal á eignarhlut í sérstöku eignarhaldsfélagi

Hlutafé það sem Arion á í félaginu skal komið fyrir í eignarhaldsfélagi í eigu bankans og skal það lúta eftirfarandi reglum að lágmarki:

- a) Stjórnarmanni eignarhaldsfélagsins er óheimilt að grípa til ráðstafana sem dregið geta úr viðskiptalegu sjálfstæði félagsins eða takmarkað samkeppni á þeim mörkuðum sem það starfar á.
- b) Stjórnarmanni eignarhaldsfélagsins og starfsmönnum Arion er óheimilt að beina fyrirmælum, tilmælum eða ábendingum til stjórnarmanna félagsins sem miða að eða geta haft þau skaðlegu áhrif sem tilgreind eru í a-lið.

3. gr.

Sjálfstæði félagsins

Tryggja skal sjálfstæði félagsins annars vegar, og Arion, dótturfélaga, og viðskiptavina bankans, hins vegar svo sem með aðskilinni og sjálfstæðri ákvörðunartöku, og banni við upplýsingamiðlun um samkeppnislega viðkvæm málefni.

Meirihluti stjórnar félagsins skal skipaður stjórnarmönnum sem eru óháðir Arion.

Stjórnarmenn teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum eða fyrirtækjum sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut í, er ekki maki stjórnarmanns eða stjórnanda hjá ofangreindum aðilum, skyldur þeim í beinan legg eða fyrsta legg til hliðar. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Arion í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila uppfylla ekki þetta skilyrði.

Stjórnarmenn félagsins skulu ekki vera tengdir keppinautum félagsins í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um forstjóra, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn félagsins.

Forstjórar og framkvæmdastjórar félagsins, svo og stjórnarmenn, skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni felst að hlutaðeigandi lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í sátt þessari og hann heiti því að virða þau að öllu leyti, að viðlagðri ábyrgð.

Rekstur félagsins skal vera að fullu aðskilinn frá öðrum rekstri bankans og eignarhaldsfélagsins.



4. gr.

Upplýsingagjöf til hluthafa, og innan banka

Stjórn og starfsmenn félagsins skulu haga samskiptum við hluthafa viðkomandi fyrirtækis með þeim hætti að samkeppni á þeim mörkuðum sem félagið starfar á sé ekki raskað.

Í upplýsingamiðlun til hluthafa félagsins, þar með talið til Arion, skal þess gætt að aðeins séu veittar nauðsynlegar upplýsingar sem hluthafar eiga rétt til í krafti eignarhalds síns, og eðlilegt má telja að þeir fái í því ljósi, en gæta þess að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaða geta samkeppni berist ekki til þeirra, svo sem vegna eignarhalds eða viðskiptatengsla hluthafa við keppinaut félagsins.

Arion skal tryggja að starfsmenn bankans miðli ekki viðkvæmum upplýsingum um starfsemi félagsins á samkeppnismörkuðum, til eða á milli þeirra, eða til annarra starfsmanna bankans sem sinna viðskiptasamböndum á viðkomandi mörkuðum.

Arion skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um keppinauta eða viðskiptavini félagsins, berist ekki til þess.

Arion skal tryggja með nauðsynlegum aðgerðum að viðkvæmar upplýsingar sem bankinn býr yfir eða kann að búa yfir um félagið berist ekki til keppinauta eða viðskiptavina.

5. gr.

Viðskipti á milli Arion og félagsins, jafnræði

Samningar sem gerðir eru um tiltekna þjónustu á milli Arion og félagsins skulu gerðir á viðskiptalegum forsendum eins og um viðskipti á milli ótengdra aðila væri að ræða.

Arion er óheimilt að hafa afskipti af viðskiptum milli félagsins og annarra viðskiptavina bankans. Þannig er bankanum t.d. óheimilt að beita sér fyrir því að viðskiptavinir bankans beini viðskiptum sínum til félagsins eða að það beini viðskiptum sínum til annarra viðskiptavina bankans.

Arion skal gæta jafnræðis á milli félagsins og annarra viðskiptavina bankans. Skal bankinn tryggja að sömu aðilar innan bankans séu ekki viðskiptastjórar félagsins annars vegar og hins vegar helstu viðskiptavina þess, birgja eða keppinauta sem jafnframt kunna að vera í viðskiptum við bankann.

6. gr.

Kynning

Kynna skal efni þessarar sáttar fyrir stjórnarmönnum og lykilstarfsmönnum Arion, og stjórnarmönnum og lykilstarfsmönnum félagsins sem undirrita auk þess yfirlýsingu, sbr. 5. mgr. 3. gr.

7. gr.

Brottfall skilyrða

Skilyrði falla úr gildi þegar Arion hefur ekki lengur bein eða óbein yferráð yfir félaginu. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.



8. gr.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðun þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson